

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *18. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 12. apríl 2007, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Ólöfu og Leifi Hallgrímsbörnum dags. 8. mars, þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn beiti sér fyrir lagningu varanlegrar heimreiðar að Vogafjösi. Erindinu var frestað á fundi 15. mars.
3. Fundargerð Skólanefndar frá 5. mars. Afgreiðslu var frestað á fundi 15. mars.
4. Erindi frá Héðni Sverrissyni dags. 9. febrúar. Erindinu var frestað á fundi 6. mars.
5. Erindi frá Landsneti dags. 17. janúar, ósk um framkvæmdaleyfi v/lagningar ljósleiðara.
6. Erindi frá landeigendum Grímsstaða dags. 14. mars v/aðalskipulagsbreytinga
7. Erindi frá Steingrími Jóhannessyni dags. 29. mars, lóðaumsókn.
8. Lausaganga búfjár.
9. Fundargerð Veitnanefndar frá 10. apríl.
10. Breyting á aðalskipulagi við Dimmuborgir.
11. Erindi frá Landgræðslunni ósk um auglýsingu á deiliskipulagi við Dimmuborgir.
12. Fundargerð nefndar um sameiningu sveitarfélaga dags. 4. apríl.

### Til kynningar.

Staðfest samþykki landeigenda Voga v/samkomulags um landbóta- og landnýtingaráætlun 2007-2010 fyrir Austurfjöll og Gæsafjöll.

Stofnsamningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lögfræðiálit v/lóðarréttinda og sölu á húsnæði Skútustaðaskóla.

Úttekt Fjarhitunar á aðveituæðum vatnsveitna, áfangaskýrsla 1.

## Fundargerðir sameiningarnefndar dags. 1. mars og 12. mars

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti sett fund og óskaði eftir að málum 9, 10, 11 og 12 yrði bætt á dagskránnu, auk fundargerða nefndar um sameiningu sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.

**2. Erindi frá Ólöfu og Leifi Hallgrímsbörnum dags. 8. mars, þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn beiti sér fyrir lagningu varanlegrar heimreiðar að Vogafjösi. Erindinu var frestað á fundi 15. mars.**

Með bréfi sínu óska Ólöf og Leifur eftir liðsinni sveitarstjórnar fyrir lagningu varanlegrar heimreiðar að Vogafjösi. Í bréfinu kemur fram að aldrei hafi verið gerð heimreið að fjósinu heldur notast við gamalan slóða sem fyrir var. Eftir viðræður sveitarstjóra við Ólöfu er ljóst að verið er að óska eftir breytingu á hluta heimreiðarinnar að Vogafjösi. Breytingin felst í því að tengingin inná Þjóðveg 1 verði örlítið sunnar en nú er. Sívaxandi fjöldi ferðamanna sækir Vogafjós heim og því brýnt að úr verði bætt til framtíðar.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að rita Vegagerðinni bréf og óska eftir nýrri tengingu inná Þjóðveg 1.

**3. Fundargerð Skólanefndar frá 5. mars. Afgreiðsla var frestað á fundi 15. mars.**

Sá hluti fundargerðarinnar sem lítur að grunnskólanum þarfnast ekki ályktunar við. Undir liðnum “leikskólamáli” var leikskólastjóri boðaður til fundarins. Farið var yfir bókanir Skólanefndar á málefnum leikskólans. Í fundargerðinni er óskað eftir því að starfsdögum leikskólans verði fjölgað í fjóra úr tveimur til samræmis við það sem er í nágrennasveitarfélögunum. Einnig er bent á ágæt ástand á leikskólavellinum og ítrekað að bætt verði úr. Óskað er eftir að sumarfríslokun verði lengd um viku úr fjórum í fimm. Vakinn er athygli á að í nýjum kjarasamningi leikskólakennara er kveðið á um að þeir eigi að hafa sér hlífðar- og útiföt sem útheimti sér skáapláss.

Sveitarstjórn samþykki fyrrgreindar óskir. Leikskólastjóra falið að gera fjögurra ára áætlun um endurbætur á leikskólavelli fyrir 26. apríl. Hvað varðar lengingu á sumarfríslokun er ljóst að af því verður ekki í ár, hins vegar verður það tekið til athugunar á næsta ári ef reynsla þessa árs sýnir að lítil nýting er á leikskólapláss fyrstu viku eftir verlsunarmannahelgi.

Í síðasta lið fundargerðarinnar getur sveitarstjórn ekki tekið undir bókun skólanefndar þess eðlis að börn sem ekki eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti vistunar í leikskólanum gegn sama gjaldi og börn sem hér eiga lögheimili þ.e.a.s. ef pláss leyfir. Sveitarfélög almennt greiða ekki niður leikskólavistun fyrir börn sem ekki eiga lögheimilisvist í sveitarfélaginu. Ef pláss leyfir má taka barn inni leikskólann sem ekki á hér lögheimili, gegn hærri gjaldi. Það barn nýtur þó ekki forgangs. Umsókn um leikskólavistun tekur gildi þegar

barn og forráðamaður þess hafa flutt lögheimili sitt í það sveitarfélag sem sótt er um vistun í.

Í fundargerð Skólanefndar stendur útaf spurningin “Hvert er megin markmið sveitarfélagsins með rekstri leikskólans?” Sveitarstjóra falið að svara því.

**4. Erindi frá Héðni Sverrissyni dags. 9. febrúar. Erindinu var frestað á fundi 6. mars.**

Með bréfi dags. 9. febrúar er sótt um samþykki sveitarstjórnar til uppbyggingar ferðaþjónustu á býlinu Geiteyjarströnd 1, á svæði sem merkt er ferðaþjónustusvæði 1 á mf. uppdrætti gerðum af Búgarði. Í bréfinu segir jafnframt að skv. uppdrættinum sé allt svæðið utan 200m fjarlægðar frá Mývatni. Þá fylgir einnig afstöðumynd fyrir 10,7 ha svæði undir frístundabyggð og óskað afstöðu sveitarstjórnar til þess. Héðinn mætti ásamt lögfræðingi sínum til fundar við sveitarstjóra og byggingarfulltrúa þar sem farið var yfir málið.

Sveitarstjórn samþykkir að leita álits Umhverfisstofnunar (lög nr. 44/1999) á þeim hluta erindisins sem lítur að svæði 1, ferðaþjónustusvæði (rétt austan núverandi íbúðarhúss)um að þar verði reist 8-10 smáhýsi.

Þeim hluta erindisins sem lítur að frístundahúsabyggð er vísað til vinnuhóps um endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

**5. Erindi frá Landsneti dags. 17. janúar, ósk um framkvæmdaleyfi v/lagningar ljósleiðara.**

Með bréfi dags. 17. janúar (kom 2/4) óskar Landsnet eftir framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara frá Hólasandi að tengivirki við Kröflustöð.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að endurbæta fjarskiptasamband á milli tengivirkja Landsnets og auka með því öryggi í rekstri raforkuflutningskerfisins. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir lagnaleiðina í megindráttum. Áformað er að ljósleiðarinn liggi meðfram Kísilveginum (vegnr. 87) þar til komið er að Eldhrauninu norðan Mývatns er þá ráðgert að leggja ljósleiðarann alveg að vegfyllingunni og bæta aðfluttu efni yfir strenginn og verður þetta gert í gegnum hraunasvæðið. Er það gert í samráði við landeigendur, Vegagerðina og Umhverfisstofnun. Þá er farið í veghelgunarsvæðið framhjá vestustu húsunum í þorpinu en síðan farið upp fyrir eða norður fyrir byggðina meðfram hlíðinni, norðan við íþróttavöllinn og barnaskólann, sömu leið og ljósleiðari Símans og fleiri lagnir fara. Þessari lagnaleið er síðan fylgt áfram og beygir hún niður á þjóðveg þegar komið er austur undir Kísiliðjussvæðið. Er þá þjóðveginum fylgt framhjá núverandi Bjarnarflagsstöð. Þar er ráðgert að skilja eftir tengibrunn þannig að hægt verði að tengja Bjarnarflagsstöð síðar. Þá er farið í veghelgunarsvæði yfir Námaskarðið og að kröfluvegi. Ljósleiðarastrengurinn verður síðan lagður í vegfyllingu Kröfluveggar að mestu leyti upp að Kröflustöð. Fram kemur í bréfinu að Landsnet hafi sent Skipulagsstofnun bréf varðandi ljósleiðaranalögnina. Að mati Skipulagsstofnunar er lagning ljósleiðara skipulagsskyld framkvæmd.

Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að leita meðmæla Skipulagsstofnunar.

**6. Erindi frá landeigendum Grímsstaða dags. 14. mars v/aðalskipulagsbreytinga.**

Borist hefur bréf frá Elínu Steingrímisdóttur f.h. landeigenda Grímsstaða dags. 14. mars þar sem hún fer fram á að sveitarstjórn Skútustaðahrepps standi við samþykkt sína sem tekin var á fundi þann 17. ágúst sl. um breytingu á aðalskipulagi í landi Grímsstaða.

Sveitarstjórn samþykkir að leita álits Skipulagsstofnunar á því hvort halda skuli áfram vinnu við breytingu á aðalskipulagi í landi Grímsstaða sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar þann 17. ágúst sl. Ágreiningur er um eignarhald á hluta af því landi sem beðið er um breytingu á og telur sveitarstjórn rétt að Skipulagsstofnun gefi ráðleggingar um hvernig rétt sé að vinna málið áfram.

Oddvita og varaoddvita falið að svara bréfi Elínar Steingrímisdóttur f.h. landeigenda Grímsstaða.

Guðrún María og Steinunn viku af fundi við afgreiðslu málsins.

**7. Erindi frá Steingrími Jóhannessyni dags. 29. mars, lóðaumsókn.**

Bréfitari óskar eftir lóða að Múlavegi 9, miðað við skipulag frá 1996 til að reisa þar 70 m<sup>2</sup> hús úr timbri.

Sveitarstjórn fagnar umsókninni og samþykkir að veita umbeðna lóð.

**8. Lausaganga búfjár.**

Nú um nokkurt skeið hefur borið verulega á lausagöngu búfjár í sveitarfélaginu. Óþarft er að fjölyrða um óþægindi íbúa af ágangi búfjár á lóðum sínum og þá hættu sem lausagangan skapar í umferðinni.

Samþykkt að sveitarstjóri kanni hvernig þessum málum er háttáð gagnvart Vegagerðinni og Landeigendum Reykjahlíðar ehf. verði skrifað bréf og óskað eftir athugasemdum við að bönnuð verði lausagönga búfjár innan Reykjahlíðargirðingar.

**9. Fundargerð Veitnanefndar frá 10. apríl.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar liggja fyrir tillögur Veitnanefndar að endurnýjun á hita- og vatnsveitu sveitarfélagsins miðað við fyrstu áfangaskýrslu Fjarhitunar á ástandi veitnanna. Þar leggur nefndin til að í ár verði endurnýjaður 600m kafli af 1190m, frá tengikassa við Kringluveg að grunnskóla. Árið 2008 verði endurnýjaðir aðrir 600m og þeim áfanga lokið. Árið 2009 verði endurnýjaður 540m kafli frá Bjarnarflagi að brunni 1, og árið 2010 verði endurnýjaður 800m kafli frá Múlavegi að brunni 2.

Í þriðja lið fundargerðarinnar leggur nefndin til að settir verði hraðabreytar til magnstýringa á dælum við Voga og Garð og jafnframt að settir verði lásar á dæluskúra veitunnar.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina með fyrirvara um það fjármagn sem til er hverju sinni og áætlað er til endurbótanna og að í fyrsta áfanga verði endurnýjaðir 300m af 600m en í staðinn verði endurnýjaður

kaldavatnstankurinn sem staðsettur er í hlíðinni ofan við þorpið.

Sveitarstjóra falið að vinna útboðsgögn.

**10. Breyting á aðalskipulagi við Dimmuborgir.**

Á fundi sveitarstjórnar 12. okt var frestað erindi Landgærðslunnar þar sem óskað var eftir breytingu á aðalskipulagis Skútustaðahrepps við Dimmuborgir. Ástæða frestunarinnar voru ónákvæmar teikningar sem bárust með erindinu.

Nákvæmari gögn hafa borist og fyrir liggur tillaga að breytingu að aðalskipulaginu unnin af Tækniþingi (vnr 07.07.93.01) ásamt greinargerð. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að afla heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna í samræmi við skipulagslög.

**11. Erindi frá Landgræðslunni ósk um auglýsingu á deiliskipulagi við Dimmuborgir.**

Borist hefur erindi frá Landgræðslunni, þar sem óskað er eftir að auglýst verði deiliskipulagstillaga að fyrirhuguðu þjónustusvæði við Dimmuborgir. Mf. erindinu er deiliskipulagsuppdráttur unnin af Tækniþingi (vnr 07.07.93.02) ásamt greinargerð.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna og felur sveitarstjóra að afla heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsia tillöguna í samræmi við skipulagslög.

**12. Fundargerð nefndar um sameiningu sveitarfélaga dags. 4. apríl.**

Í þriðja lið fundargerðarinnar er lögð fram verk og kostnaðaráætlun við sameiningarferlið. Hlutur Skútustaðahrepps í þeim kostnaði getur orðið allt að 1300. þúsund. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Steinunn Ósk Stefánsdóttir,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.